

## Starfsmannastefna Sjálandsskóla

Starfsmenn Sjálandsskóla er hópur fagmenntaðra og ófaglærðra starfsmanna sem vinnur í sameiningu að því að byggja upp skólastarf sem einkennist af vilja og virðingu, með hag nemenda að leiðarljósi. Þeir starfa undir verkstjórn skólastjóra og eiga í nánu samstarfi sín á milli, við nemendur, foreldra þeirra og aðra sem að skólastarfinu koma. Allir starfsmenn skólans bera mikla ábyrgð á skólastarfinu jafnt undirbúningi, framkvæmd og mati og leggja metnað sinn í að styðja hvert annað í starfi, miðla þekkingu, reynslu og færni og nýta sér þau tækifæri sem gefast til þess að vaxa í starfi.

### a) Hlutverk kennara á heimasvæðum

Námssvæði nemenda eru þannig skipulögð að 3-4 kennara starfa saman með 65-80 nemendum í aldursblönduðum hópum í opnu rými (heimasvæði), Námið byggir á fjölbreyttu hópastarfi, einstaklingsvinnu en í litlu mæli á “innlögnum og yfirferð” kennara. Lögð er áhersla á að kennarar beiti fjölbreyttum kennsluáðferðum og með fjölbreyttri samsetningu hópa og námssvæða sé leitast við að koma til móts við þarfir ólíkra einstaklinga og hópa. Kennarar sem vinna saman á heimasvæði bera sameiginlega ábyrgð á öllu starfi og ásamt starfsmönnum sem þar starfa. Afgreiða þeir öll mál sem koma upp á heimasvæði í dagsins önn. Svæðateymi sér um skipulag og framkvæmd hins daglega skólastarfs. Gerð kennsluáætlna, áætlana um námsmat og eftirlit með námsframvindu allra nemenda á svæðisins er á ábyrgð teymisins. Sérstök áhersla er lögð á að list- og verkgreinar auðgi starf á heimasvæði og markvisst sé unnið að samþættingu námsgreina.

### b) Hlutverk starfsmanna á heimasvæðum

Yfir skóladaginn starfa skólaliðar á heimasvæðum undir handleiðslu kennara. Þeirra hlutverk er að leiðbeina nemendum (jafnt einstaklingum sem hópum) í umgengni og atferli í námi og starfi, jafnt í skólahúsi sem á skólalóð. Eftir að skóladegi lýkur sinna þeir frágangi og ræstingu.

### c) Hlutverk umsjónarkennara

Kennarar á heimasvæði skipta með sér umsjón með þeim nemendum sem eru á svæðinu. Þeir eru því umsjónakennarar tiltekinna nemenda með þeim skyldum sem því fylgir. Engu að síður er kennurum á heimasvæði heimilt að skipta kennslu einstakra greina, námsþátta eða verkefna milli sín með þeim hætti sem best hentar á hverjum tíma, enda sé gætt jafnræðis og að vinnuálag skiptist með réttlátum hætti. Hver umsjónarhópur er með nemendum úr tveim eða fleiri árgöngum og því hefur nemandi sama umsjónarkennara í tvö ár eða lengur.

### d) Hlutverk list- og verkgreinkennara

List- og verkgreinakennarar starfa bæði í list- og verkgreinstofum og á heimasvæðum. Þeir koma að undirbúningi þema og eiga hlutdeild í þeim þemaverkefnum sem unnin eru, þó mis mikið eftir áherslum í hverju og einu þema. Þau markmið sem lögð eru til grundvallar í þema hverju sinni fléttast jafnt inn í starf á heimasvæði og í list- og verkgreinaaðstöðunni. List- og verkgreinakennarar eiga ríkan þátt í því starfi sem fer fram sameiginlega í öllum skólanum.

### e) Vinnudagur kennara

Í Sjálandsskóla skiptist vinnudagur kennara annars vegar í vinnu með nemendum og hins vegar undirbúning skólastarfs. Á meðan nemendur eru í skólanum eru kennarar við störf með þeim t.d. leiðsögn, ráðgjöf, bein kennsla, matartímar, frímínútnagæsla og námsmat. Eftir að nemendur fara úr skólanum vinna kennarar saman að skipulagi skólastarfs t.d. undirbúningi og skipulagi námssvæða, verkefnum nemenda, gerð námsáætlana, þróun skólastarfs og mati á því, eiga samráð við samstarfsfólk og sérfræðinga, sjá um upplýsingagjöf til foreldra og skráningu upplýsinga.

## **f) Vinna stýrihópa**

Innan skólans starfa stýrihópar sem kennarar mynda. Í stýrihópum er unnið að tilteknum verkefnum sem snerta allan skólann og stuðla að þróun skólastarfs. Vinna stýrihópa getur varað um lengri og skemmri tíma. Sem dæmi um slík verkefni má nefna innra mat, skólanámskrá, símenntunaráætlun, forvarnaráætlun, skipulagningu félagsstarfa og viðburða á vegum skólans, ritstjórn heimsíðu og fréttabréfs o.s.frv. Stýrihópar hafa formann sem stýrir starfi hópsins, varðveitir gögn og gerir grein fyrir vinnu hópsins eftir því sem við á.